



Höldum flughæð í gegnum ókyrrðina

Ferðapjónustuúttekt Arion greiningar,
1. apríl 2025

Helstu niðurstöður

- Ferðaþjónustan er án efa einn af burðarstólpum íslensks efnahagslífs. Hún stendur undir ríflega 8% af landsframleiðslu, og nærri þriðjung af útflutningi. Eftir sterka viðspyrnu í kjölfar heimsfaraldursins stendur greining á tímamótum. Hún hefur slitið barnskónum og tímabil ævintýralegs vaxtar virðist að baki, líkt og ferðamannatölur síðustu mánaða bera með sér. **Ferðamannaspá okkar dregur dóm af þessari þróun, þar sem vöxtur snýst í viðhald. Við spáum lítils háttar fækkun í komum ferðamanna á þessu ári en hógværum vexti á næstu árum.**
- Flugfarmboð spilar stóra rullu í íslenskri ferðaþjónustu en breytingar á því geta bæði verið orsök og afleiðing af sveiflum í komu ferðamanna til landsins. Í október á síðasta ári **boðaði PLAY miklar breytingar á viðskiptalíkani félagsins**. Félagið leigði frá sér flugvél í vetur, sem leiddi til færri farþega, og hefur fengið flugrekstrarleyfi á Möltu þar sem þrjár vélar verða starfræktar. Þá hafa erlend flugfélög dregið úr framboði sínu til landsins. Á móti kemur að **Icelandair hyggst auka sætaframboð sitt í ár, sérstaklega utan háannatíma**.
- Ísland er á meðal dýrustu áfangastaðanna í Evrópu vegna sterks gengis og hárra launa. Það er jákvætt uppá það að gera að ferðamenn skili þannig meiru í kassann, en það getur dregið úr samkeppnishæfni landsins. Það kann að vera hluti af ástæðunni fyrir því að hlutdeild íslenskrar ferðaþjónustu á meðal Norðurlandanna hefur verið að dragast saman.
- Viðskiptahömlur á alþjóðavettvangi gætu dregið úr kaupmætti í Bandaríkjunum og víðar. Hversu mikið ræðst af umfangi tollanna, hvort þeir verði varanlegir og hvaða viðskiptalönd dragast inn í deilurnar. Við teljum að það muni hafa **takmörkuð áhrif á komur ferðamanna en gæti haft áhrif á tekjur greinarinnar í heild**.
- Ferðaþjónustan stendur frammi fyrir ýmsum öðrum áskorunum. **Tekjur á hvert laust herbergi (RevPAR) hafa haldist nánast óbreyttar í krónum talið undanfarin tvö ár á sama tíma og ýmiss kostnaður, þ.m.t. launakostnaður, hefur farið vaxandi**. Þá hafa **gjaldþrot og vanskil færst í aukana, starfsfólki fækkað og skemmtiferðaskip hafa afbókað komur sínar vegna nýrra innviðagjalda**.
- Þessar áskoranir eru þó aðeins lítils háttar hnökrar í samanburði við þau áföll sem ferðaþjónustan hefur þegar staðið af sér, og fullvíst er að hún verði áfram ein af meginstöðum íslensks efnahagslífs.



Fyrirvari – vitum ekkert um það sem við vitum

Við gerð skýrslunnar lögðum við okkur fram við að safna áreiðanlegum gögnum en við skulum vera hreinskilin, í sumum tilvikum erum við líklega að fljúga blint. Við vitum í raun ekki hversu margir ferðamenn komu til landsins, hvaðan þeir komu, hversu lengi þeir dvöldu á landinu eða hversu miklu þeir eyddu. Við gerðum okkar besta með það sem við höfðum úr að móða, en sumt verður bara að vera ágiskun (með vísindalegum formerkjum, að sjálfsögðu).

Tölurnar byggja á þeim gögnum sem eru tiltæk hverju sinni en þau geta (og munu líklegast) breyst síðar. Til dæmis miðast tölur um fjölda ferðamanna við brottfarir um Keflavíkurflugvöll, þannig að þeir sem fóru héðan með skemmtiferðaskipum eru ekki meðtaldir. Skipting ferðamanna eftir þjóðerni byggir á handahófskenndri úrtaksrannsókn á Keflavíkurflugvelli, svo ferðagleði Íslendinga getur skekkt niðurstöðuna, og Hagstofan hefur gert hlé á birtingu gistinátta eftir þjóðerni.

Endurskoðun gagna eftir þjóðerni og óskráðar gistinætur

Unnið er að endurskoðun á flokkun gagna um gistinætur og er því ekki unnt að birta sundurliðun á fjölda gistinátta eftir þjóðerni að svo stöddu. Rannsókn stendur yfir á grunngögnum frá árinu 2021 þar sem skoðað er hvort gistinætur Íslendinga hafi verið ofmetnar í mælingum og gistinætur erlendra gesta að sama skapi vanmetnar. Á meðan unnið er að frekari skoðun á gögnunum verður því tölfraði um gistinætur ekki birt eftir þjóðerni gesta. Rétt er þó að geta þess að ekki er ástæða til að véfengja heildarfjölda gistinátta. Eingöngu ber að setja fyrirvara á skiptingu fjölda gistinátta eftir þjóðerni.

Fréttir

Eyða mögulega meiru í Íslandsferðinni

Það er fátt hægt að fullyrða um gang mála í íslenskri ferðaþjónustu vegna skorts á áreiðanlegum gögnum. Kortaveltutölur Seðlabankans eru þó komnar í lag.

Fréttir

Líklega vitlaust talið á landamærunum


Mikil ferðalög Íslendinga út fyrir landsteinana í nóvember fóru fram hjá Ferðamálastofu og Isavia vegna þess hvernig staðið er að talningu brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli. Upplýsingar um flokkun farþega sem flugfélög og opinberu fyrirtækin gefa út stangast á.




Einn af burðarstólpum íslensks efnahagslífs

Ferðapjónustan tók á loft árið 2012 og hefur í kjölfarið sannað mikilvægi sitt sem ein helsta stoð efnahagslífsins. Hún stóð undir 8,1% af vergri landsframleiðslu í fyrra en 8,4% árið 2019. Ferðapjónustan stendur undir um þriðjung af útflutningi landsins og hefur verið stærsta útflutningsgrein þjóðarbúsins undanfarinn áratug, að undanskildum Covid-19 árunum.

Hlutfall ferðapjónustu af vergri landsframleiðslu




Hlutdeild í útflutningi




Gestrisni Íslendinga

Í Evrópu er ferðapjónustan óvíða jafn umfangsmikil og á Íslandi. Ísland sker sig þó sérstaklega úr þegar litið er til hlutdeildar flugfélaga á vinnumarkaði. Ef gistinóttum á Íslandi væri skipt jafnt á alla íbúa landsins, myndi hver íbúi verja 24,5 nóttum á gististöðum – hæsta hlutfall í Evrópu og skýr birtingarmynd þess mikla fjölda gesta sem landið tekur á móti miðað við höfðatölu.

Hlutdeild ferðapjónustu á vinnumarkaði 2023
- fjöldi starfsmanna í ferðapjónustu sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna (í fullu starfi)




Gistinætur á gististöðum á hvern íbúa 2023




Fólkið í ferðapjónustunni

Fjöldi starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustu
- sem hlutfall af öllum fjölda starfandi




Hlutfall innflytjenda
- af fjölda starfandi





Ævintýralegur vöxtur hefur sett sinn svip á vinnumarkaðinn

Fjöldi starfandi í ferðapjónustu og breyting milli ára






Ferðapjónustan krefst margra handa

Þegar ferðapjónustan tók á loft var aukinni vinnuafseftirspurn mætt með fólksflutningi til landsins. Undanfarið hefur þó dregið úr aðflutningi erlendra ríkisborgara, meðal annars í takt við hægari vöxt ferðapjónustunnar.




Fyrri flughæð endurheimt eftir faraldurinn




Dýfan djúp, en viðspyrnan sterk

Íslensk ferðapjónusta dróst meira saman í heimsfaraldrinum en í flestum öðrum ríkjum Evrópu þrátt fyrir að hafa þegar lækkað flugið árið 2019 í kjölfar gjaldþrots WOW Air. Hins vegar hefur hún náð sér hraðar á strik en í okkar helstu samanburðarlöndum ef miðað er við komur ferðamanna á gististöðum.







Endurheimt ferðapjónustu eftir Covid
- aðkomur ferðamanna á gististöðum fyrstu 9 mánuði 2024 samanborið við 2019



Aðkomur ferðamanna á gististöðum
- fyrstu 9 mánuðir hvers árs, vísitala (2019 = 100)



Fyrirtæki í ferðapjónustu stóðu af sér mikið áfall



Hið opinbera átti drjúgan þátt í viðspyrnunni

Í heimsfaraldrinum gripu stjórnvöld til sérstakra stuðningsaðgerða fyrir ferðapjónustu. Aðgerðirnar voru metnar á 36 ma.kr. og innihéldu t.d. lokunarstyrk til fyrirtækja sem þurftu að loka vegna sóttvarnaaðgerða og ferðagjöf til Íslendinga til að nýta innanlands. Þessar aðgerðir voru til viðbótar við önnur almenn úrræði fyrir atvinnulífið.

Rekstraráhrif	Stuðningsaðgerð	2020	2021	Samtals
Viðbótartekjur	Tekjufallsstyrkur	6,1		6,1
	Viðspyrnustyrkur	1,4	3,6	5
	Lokunarstyrkur	0,5	0,1	0,7
	Ferðagjöfin	0,9	0,4	1,3
Lækkun kostnaðar	Laun á uppsagnarfresti	6,2		6,2
	Ráðningarstyrkir		3,5	3,5
	Hlutabótaleið	9,5	1,8	11,3
	Niðurfelling gistináttaskatts	0,3	1,1	1,4
	Lækkun tryggingargjalds	0,16	0,3	0,4
Samtals		25,06	10,8	35,9




Staða ferðapjónustu á Íslandi

Árinu 2024 fylgdu margar áskoranir: eldgos, hátt raungengi og umræða um að Ísland væri að detta úr tísku.



Ferðaplön urðu eldgosí að bráð


Villandi fréttáflutningur erlendis um eldsumbrot á Reykjanesi lituðu ímynd ferðalanga um Ísland sem öruggan áfangastað.



Eldsumbrot ollu ókyrrð



Frá því í desember 2023 hefur gosið **sex**-sjö sinnum á Reykjanesskaga. Erfitt er að meta hver áhrifin voru á komur ferðamanna til landsins en þó er vitað að einhverjir afbókuðu ferðir til landsins í kjölfar villandi fréttáflutnings. Íslensku flugfélögin greindu til að mynda frá verri sætanýtingu strax í kjölfar eldsumbrotanna. Þá var vöxtur ferðamanna lítill yfir síðustu háönn, sem kann að stafa af eldsumbrotum en margir ferðamenn bóka sumarferðalögin í upphafi árs – þegar fréttáflutningurinn stóð sem hæst.

Fjöldi ferðamanna og ársbreyting




Flestir ferðamenn eru frá Bandaríkjunum

Bandaríkin eru mikilvægasta markaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu en í fyrra komu 620 þús. ferðamenn frá Bandaríkjunum, flestir yfir hásumarið. Bretland fylgir á eftir, með 270 þús. ferðamenn á síðasta ári. Flestir Bretar heimsóttu landið yfir vetrartímann, sem gerir þá einkum mikilvæga fyrir þær sakir að þeir draga úr árstíðarsveiflunni.




En ferðamaður er ekki það sama og ferðamaður

Útgjöld ferðamanna á landinu skipta sköpum fyrir afkomu greinarinnar. Þar bera Svisslendingar höfuð og herðar yfir önnur þjóðerni, en þeir verja mun hærri upphæðum en aðrir.** Bandaríkjamenn koma þar á eftir með nokkuð há útgjöld, þó þau hafi dregist lítillega saman undanfarin ár. Ef neysla á hvern ferðamann hefði verið sú sama árið 2024 og hún var árið 2023 hefðu tekjur greinarinnar að raunvirði aukist um 2,2% á milli ára, í stað þess að dragast saman um 2,4%.




Bandaríkjamenn eru okkar verðmætustu ferðamenn

Bandaríkjamenn skilja mest eftir á landinu þegar horft er til heildarneyslu þjóðerna. Þó neysla á hvern bandarískan ferðamann sé mikil í samanburði við flest önnur þjóðerni er það fyrst og fremst fjöldi þeirra sem vegur þungt.



Er Ísland að detta úr tísku?

Íslensk ferðaþjónusta stendur frammi fyrir aukinni samkeppni frá öðrum Norðurlöndum, en bæði Noregur og Svíþjóð hafa aukið hlutdeild sína í gistingu í útlendinga á kostnað annarra Norðurlanda, þar á meðal Íslands. Við viljum þó ekki taka svo djúpt í árinna að segja að landið sé dottið úr tísku, en við teljum að hátt verðlag og sterk króna spili stóra rullu, en bæði norska og sænska krónan hafa gefið eftir gagnvart evru og Bandaríkjadal.




Ísland dýrari en samkeppnin


Verðlag á Íslandi er enn hátt samanborið við Evrópusambandið og aðrar viðskiptaþjóðir, þótt það hafi lækkað verulega í hlutfalli við verðlag innan ESB frá því að það náði hámarki árið 2017. Nú er það um 12% lægra en þá. Samt sem áður er verðlag á Íslandi að meðaltali 53% hærra en í Evrópusambandinu og 19% hærra en í Bandaríkjunum.

Því hefur verið velt upp hvort að hátt verðlag á Íslandi hafi dregið úr samkeppnishæfni landsins gagnvart nágrannaþjóðum okkar, sérstaklega Noregi. Frá árinu 2022 hefur verðlag í Noregi, í hlutfalli við verðlag innan ESB, lækkað um 12%, en aðeins um 5% á Íslandi. Þennan mun má einkum rekja til gjaldmiðlanna, þar sem norska krónan hefur veikst töluvert á meðan íslenska krónan hefur verið stöðug eða jafnvel styrkst lítillega.


Hlutfallslegt verðlag
- vísitala, ESB = 100



Verðin í háloftunum



Verð á gistingu með því hæsta sem gerist




Verðið er akkilesarhæll ferðapjónustunnar


Verðlag á Íslandi er enn stærsti þrándur í götu ferðapjónustunnar að mati erlendra söluaðila en samkeppni frá öðrum áfangastöðum er einnig að aukast. Hátt verðlag á Íslandi endurspeglast í háu raungengi, en í febrúar var raungengið 6% yfir langtímameðaltali.

Neikvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu

- viðhorfskönnun meðal erlendra söluaðila um íslenska ferðapjónustu




Raungengi*




Neysla á hvern ferðamann hefur dregist saman

Samkvæmt þjóðhagsreikningum hefur neysla á hvern erlendan ferðamann dregist saman um 13% að raunvirði frá árinu 2022. Erlend kortavelta dróst saman um 9,4% yfir sama tíma. Þetta kann að vera vísbending um að Íslandsferðin sé að verða of dýr og að ferðamenn þurfi að skera við nögl – með því að eyða minna, dvelja skemur, eða bæði. Eftir Covid-19 faraldurinn áttu heimili á vesturlöndum mikinn uppsafnaðan sparnað sem þau gátu gengið á og nýtt meðal annars í ferðalög. Sparnaður bandarískra heimila er nú að mestu uppurinn og kominn undir langtímameðaltal. Því til viðbótar hefur hlutabréfaverð lækkað í Bandaríkjunum að undanfögnu, en sparnaður Bandaríkjamanna er í mörgun tilfellum beintengdur við þróun hlutabréfa.


Neysla á hvern erlendan ferðamann
- á föstu gengi og föstu verðlagi



Erlend kortavelta á hvern ferðamann
- á föstu verðlagi og föstu gengi





Sparnaður heimila
- % af ráðstöfunartekjum*









Gistinóttum ekki bróðurlega skipt

Hótelgistinóttum á Íslandi fækkaði um 0,3% milli ára í fyrra, en samdrátturinn var mismikill eftir landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum um 0,4% milli ára en Austfirðir áttu undir högg að sækja. Fjarlægð frá alþjóðaflugvelli gegnir líklega lykilhlutverki í þessu samhengi, en þegar harðnar í ári og dvalartíminn styttest er líklegra að áfangastaðurinn fjærst flugvellingum beri skarðan hlut frá borði.

Gistinætur á hótélum – allt landið*
- breyting frá fyrra ári



Gistinóttum fækkar mest á Austurlandi




Hröð aukning skemmtiferðaskipa

Árið 2024 komu um 322 þús. farþegar með skemmtiferðaskipum til Faxaflóahafna, þar sem flest skemmtiferðaskip stoppa við komu sína til landsins, sem jafngildir 5% aukningu milli ára.

Farþegar skemmtiferðaskipa eru taldir sem dagsferðamenn og eru því ekki taldir með í fjölda ferðamanna sem heimsækja landið, líkt flugfarþegar og farþegar með bílferjum.

Bandaríkjamenn og Þjóðverjar eru fjölmennastir á meðal farþega skemmtiferðaskipa, en Bandaríkjamönnum fjölgaði um 42% milli ára í fyrra og Þjóðverjum um 29%.

Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Faxaflóahafna
- þúsundir



Skiptifarðegar verða sífellt stærri hluti farþega með skemmtiferðaskipum

Skiptifarðegar eru farðegar sem annars vegar koma með skipi til landsins og yfirgefa landið með flugi eða koma til landsins með flugi og yfirgefa landið með skipi. Til að flækja málið enn frekar er ákveðinn hluti sem gerir bæði, kemur til landsins með flugi, fer í skemmtisiglingu, kemur aftur til hafnar og yfirgefur landið með flugi.

Öflugar flugsamgöngur til Íslands hafa skapað tækifæri fyrir farðegaskipti á landinu og orðið til þess að ferðapjónustan nýtur góðs af fjölbreyttum hópi ferðamanna, en skiptifarðegar skilja meira eftir sig en almennir skipafarðegar. Árið 2019 var hlutfall skiptifarðega af heildarfjölda skipafarðega um 9%, en árin 2023 og 2024 var hlutfall þeirra um 50%.

Þeir skiptifarðegar sem gista í landinu fyrir eða eftir skipsferð eyða væntanlega mestu. Samkvæmt farðegakönnun Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála árið 2023 er talið að um 50-60% skiptifarðega gisti í landinu og dvelja þá að meðaltali í 2,2 nætur.

Þetta fyrirkomulag veldur hins vegar skekkju í talningu á fjölda ferðamanna. Þeir sem koma til landsins með flugi og dvelja í landinu um tíma áður en þeir yfirgefa landið með skipi eru ekki taldir með í opinberum tölum yfir fjölda ferðamanna. Gistinætur þeirra eru hins vegar taldar í opinberum tölum sem veldur því að gistinætur á hvern ferðamann eru ofmetnar.

Innlent | Morgunblaðið | 17.1.2025 | 20:00

Skiptifarðegar aldrei verið fleiri




Fyrirtækin í ferðapjónustu

Reksturinn hefur orðið ápreifanlega erfiðari, þar sem kostnaður virðist hafa vaxið hraðar en tekjur, sem hefur leitt til fækkunar starfsfólks og aukinnar tíðni gjaldþrota.



Tekjur á hvert hótélherbergi standa í stað


Bókunarhlutfall hótela hefur lækkað úr 74% í ársbyrjun 2023 í 68%. Á sama tíma hefur meðalverð á hótélherbergi nánast haldist óbreytt frá miðju ári 2023, eftir að hafa hækkað í upphafi þess árs. Fyrir vikið eru tekjur á hvert herbergi (RevPAR) nokkurn veginn þær sömu og fyrir tveimur árum, á meðan ýmiss kostnaður, þ.m.t. launakostnaður, hefur hækkað yfir sama tíma.




Launakostnaður hefur hækkað meira en í öðrum greinum

Á síðustu þremur árum hafa laun í ferðaþjónustu hækkað um 31%, en um 22% þegar horft er til allra atvinnugreina. Í janúar 2025 stóð árshækkun launa í 12%. Laun sem hlutfall af veltu hafa haldist nokkuð stöðug, á bilinu 23-25% af veltu síðan árið 2018, ef undanskilin eru Covid-19 árin þegar tekjustofninn hrundi meira en launakostnaður.

Staðgreiðsluskyldar launagreiðslur
- ársbreyting



Staðgreiðsluskyldar launagreiðslur sem hlutfall af vsk. veltu




Vanskil færast í aukana..

Vanskil fyrirtækja í gisti- og veitingarekstri ruku upp í 17% í Covid-19 farsóttinni, sem var mun meira en í öðrum atvinnugreinum.

Vanskil minnkuðu í viðspyrnu ferðapjónustunnar en árið 2024 jukust þau á ný og voru 7,6% í lok árs. Þá breytingu má hins vegar rekja til fárra lána, og er því ekki merki um að vanskil séu að verða útbreiddari.

Á sama tíma voru vanskil hjá öllum fyrirtækjum aðeins 2,6%.






Heimildir: Seðlabanki Íslands, Arion greining.

*Samtæður kerfislega mikilvægra banka (KMB). Vanskilahlutfall reiknað skv. staðli Evrópska bankaeftirlitsins (EBA). Atvinnugreinaflokkun skv. NACE flokkunarkerfi.





.. Og gjaldprot einnig

Árið 2020 urðu 94 virk ferðapjónustufyrirtæki gjaldprotá en þau hefðu eflaust verið fleiri ef hið opinbera hefði ekki rétt fram hjálparhönd. Á árunum eftir Covid-19 voru gjaldprotátíð en þeim hefur farið fjölgandi síðustu tvö ár. Alls voru 55 ferðapjónustufyrirtæki tekin til gjaldprotaskipta fyrra, en í þeim störfuðu yfir 600 manns árið áður og velta þeirra var 7,5 ma.kr.






Starfandi einstaklingum í ferðapjónustu fækkar..

Um mitt ár 2023 hafði vinnumarkaðurinn náð vopnum sínum á ný eftir heimsfaraldurinn. Að jafnaði starfa flestir einstaklingar í ferðapjónustu á þriðja ársfjórðungi, yfir háönnina. Árið 2024 voru það 32 þúsund einstaklingar, sem er 1% fækkun frá fyrra ári. Ferðapjónustan er vinnuaflsfrek atvinnugrein og þegar hægja tók á vexti hennar fækkaði starfsfólki innan greinarinnar.



.. mest í fluggeiranum..


Starfsfólki í fluggeiranum hefur fækkað um ríflega 400 á milli ára. Hjá ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum hefur starfsfólki fækkað um ríflega 200 undanfarið hálft ár, þótt ársbreytingin sé enn jákvæð. Þá hefur samsetning vinnuafls tekið breytingum undanfarin ár þar sem innflytjendum sem starfa í greininni hefur fjölgað á kostnað Íslendinga.




... og atvinnuleysi eykst

Atvinnulausir einstaklingar innan veitinga- og ferðaþjónustu eru nú 2.300 talsins og hafa ekki verið fleiri síðan í Covid-19 faraldrinum. Fjórðungur innflutts vinnuafls starfar í ferðaþjónustu sem kann að skýra hvers vegna atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur aukist úr 6,9% í 9,3% á tveimur árum.

Fjöldi atvinnulausra í veitinga- og ferðaþjónustu




Skráð atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara



Ferðapjónustan aðdráttarafl fyrir erlent vinnuafli

Þótt atvinnuleysi á meðal erlendra ríkisborgara á Íslandi sé hátt, þá er það ekki endilega hátt í alþjóðlegum samanburði. Íslenskur vinnumarkaður getur því enn verið aðdráttarafl fyrir erlent vinnuafli.

Atvinnuleysi í OECD löndunum árið 2024




Fjárfesting í ferðapjónustu

Töluverður vöxtur hótélherbergja fram undan, en betri nýting gæti aukið afkastagetuna enn frekar. Heimagisting hefur stutt við vöxt ferðapjónustunnar




Fjárfesting á svipuðum stað og 2017-2018




Hversu oft ætlum við að baða erlenda ferðamenn?

Á Íslandi eru 126 sundlaugar staðsettar víðsvegar um landið. Þar af eru 15 baðlón í rekstri.

Ef ferðamaður hyggst heimsækja hvert þeirra nemur aðgangseyririnn að lágmarki 112.000 kr., sem samsvarar um 57% af meðalútgjöldum ferðamanna.






Að minnsta kosti tvisvar í viðbót!



Hótel nærri afkastagetu yfir háannatímann


Nýtingarhlutfall hótélherbergja var 86% á landsvísu í ágúst. Framboð hótélherbergja hefur aukist um 10% á síðustu fimm árum, eftir að hafa aukist um 54% á fjórum árum þar á undan.



Besta nýtingin á höfuðborgarsvæðinu


Nýtingarhlutfall hótélherbergja var að jafnaði hæst á höfuðborgarsvæðinu árið 2024, en yfir sumarmánuðina var það hæst á Suðurlandi.

Nýtingarhlutfall hótélherbergja 2024




Fleiri hótél á leiðinni

Hótelherbergjum mun fjölga um 2.400 á næstu árum ef allar áætlanir ganga eftir. Mesta uppbyggingin á sér stað á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi – og stór hluti nýrra herbergja eru í lúxusflokki.




Hótel í uppbyggingu og þróun - fjöldi herbergja



Mikil fjölgun hótélherbergja á næstu árum ef áætlanir ganga eftir


Í fyrra fjölgaði hótélherbergjum um 367. Við gerum ráð fyrir hóflegri aukningu í ár, en miklum vexti á næstu árum. Nú eru hótélherbergi um 12.000 talsins en ef allar áætlanir ganga upp munu 14.300 hótélherbergi standa ferðamönnum til boða á næstu árum, sem er 20% aukning frá því sem nú býðst.



Ísland verr nýtt



Ísland er í sjötta sæti í Evrópu þegar kemur að nýtingarhlutfalli hótela og gistihúsa að meðaltali, en árið 2016 trónaði það á toppnum. Á háannatíma er Ísland í sjöunda sæti, en utan háannar er nýtingarhlutfallið aðeins rétt yfir meðaltali ESB.

Nýtingarhlutfall herbergja á hótelum og gistirýmum*
- meðaltal, hæsta og lægsta gildi okt. 2023-sept. 2024




Árstíðarsveiflan meiri en í flestum löndum Evrópu

Nýtingarhlutfall hótela sveiflast mikið yfir árið en sveiflurnar eru með því mesta sem gerist í Evrópu.



Hvað getur Ísland tekið við mörgum ferðamönnum?



Nýtingarhlutfall á hótélum var að meðaltali 66% árið 2024. Ef gistirýmin væru betur nýtt væri hægt að taka á móti fleiri gestum án þess að fara í frekari framkvæmdir. Ef nýtingarhlutfallið væri 80%, sem er með því besta sem gerist í Evrópu, og áætlanir okkar um hótéluppbyggingu árið 2026 standast getur Ísland tekið við 2,9 milljónum ferðamanna árið 2026.



Airbnb eldsneyti fyrir ferðapjónustuna

Skammtímaleiga hefur gert Íslendingum kleift að taka á móti fleiri ferðamönnum og skapað tekjur fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Slíkar íbúðir er að finna víðsvegar um landið, en nær helmingur þeirra er í Reykjavík, flestar í miðbænum og Vesturbænum.


Fjöldi Airbnb skráninga




Umfang heimagistingar í Reykjavík

Af þeim 4.500 íbúðum og herbergjum sem eru á Airbnb í Reykjavík er hægt að bóka um 2.200 íbúðir í meira en 90 daga á ári, og um 700 íbúðir í 270 daga eða meira. Bókaðar gistinætur á síðustu 12 mánuðum voru 5% fleiri en árið áður, sem skýrist af auknu framboði, þar sem bókunarlutfallið var lægra yfir stóran part síðasta árs. Á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs er bókunarlutfallið svipað og síðustu tvö ár.


Airbnb skráningar eftir fjölda mögulegra leigudaga á ári




Tegund skráningar



Bókanir - þús.





Bókunarlutfall



Tekjur af heimagistingu aukast í Reykjavík

Meðalverð á heimagistingu í Reykjavík hefur hækkað frá því í júní í fyrra. Bókunarhlutfallið hefur verið áþekkt milli ára svo leigutekjur á bókanlega einingu hefur því einnig farið hækkandi frá því um mitt síðasta ár.



Ferðamannaspá


Gert er ráð fyrir lítilsháttar fækkun í komum ferðamanna milli ára vegna samdráttar í flugframboði og minnkandi áhuga frá stærstu markaðssvæðum okkar.




Lágt skyggni í byrjun árs

Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra farþega dregist saman um 6% milli ára og gistinóttum á hótélum fækkað um 2%. Hins vegar hefur erlend kortavelta verið nokkuð sterk í upphafi árs, en hún hefur aukist um 7% milli ára.


Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll



Hótelgistinætur - allir




Erlend kortavelta - á föstu gengi og föstu verðlagi





Bókunarstaða hótela betri fram á haustið

Hótel í Reykjavík eru nú meira bókuð fram á næsta haust en á sama tíma í fyrra. Hótel gætu hins vegar fundið fyrir mótvindi er líður á haustið og veturinn. Bókunarstaðan getur gefið vísbendingu um hvernig ferðapjónustuárið verður, en þar sem hátt hlutfall herbergja er bókað með skömmum fyrirvara, er ekki á vísan að róa í þeim efnum.



PLAY hefur nú þegar rifað seglin


Í október á síðasta ári boðaði PLAY miklar breytingar á viðskiptalíkani félagsins. Þó breytingarnar taki ekki gildi fyrr en um mitt þetta ár hefur félagið nú þegar gripið til aðgerða til að bæta reksturinn, meðal annars að leigja frá sér eina flugvél, sem hefur skilað sér í færri farþegum. Samdrátturinn kemur fyrst og fremst fram í færri tengifarþegum, á meðan ferðamönnum til Íslands hefur fækkað hlutfallslega minna.



Bandaríkjamenn leita minna að ferðum til Íslands...

Bandaríkjamenn plana sumarfríin sín snemma og leita mest að ferðalögum til Íslands í byrjun árs. Vísitala sem tekur saman sex leitir tengdar ferðalögum til Íslands sýnir að áhugi á ferðum til Íslands hefur farið minnkandi og var á fyrsta ársfjórðungi um 15% minni en í fyrra.


Ferðaáhugi Bandaríkjamanna



... og Bretar einnig

Bretar eru mikilvægir gestir því þeir heimsækja okkur utan háannatíma. Þeir skipuleggja ferðirnar sínar með styttri fyrirvara, en leitarniðurstöður benda til þess að áhugi á ferðalögum til Íslands sé um þriðjung minni á fyrsta ársfjórðungi en fyrir ári síðan.

Ferðaáhugi Breta




Ferðamönnum fækkar í grunnsviðsmyndinni

Samkvæmt grunnspá okkar er útlit fyrir að erlendum ferðamönnum er sæki landið heim fækki lítilsháttar milli ára. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til nýs viðskiptalíkans PLAY. Félagið leigði frá sér flugvél í vetur, sem leiddi til færri farþega, og hefur fengið flugrekstrarleyfi á Möltu þar sem þrjár vélar verða starfræktar. Þá hafa stór erlend flugfélög fækkað ferðum sínum til landsins utan háannatímamann, sem skiptir umtalsverðu máli.

Á móti vegur að Icelandair, sem er umsvifamesta flugfélagið á Keflavíkurflugvelli, áætlað að auka flugframboð sitt á árinu.

Lítil breyting í komum ferðamanna til landsins ætti ekki að koma á óvart; ferðaþjónustan hefur slitið barnskónum og greininni skorður settar, bæði af náttúrunnar hendi og innviðum. Því til viðbótar er landið dýr áfangastaður og launakostnaður hár, atriði sem ríða ekki baggamuninn en skipta engu að síður máli.

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll
- árstölur



Þoka í háloftunum


Framtíðin er óráðin og margt sem takmarkar skyggni. Ber þar helst að nefna ókyrrð í alþjóðaviðskiptum og rekstrarumhverfi flugfélaga




Íslensku flugfélögin atkvæðamikil

Íslensku flugfélögin voru með 88% af flugi til Ameríku og 68% af flugi til Evrópu á síðasta ári. Ameríkuflug dróst mikið saman við fall WOW Air og hefur ekki náðu sömu hæðum, á meðan Evrópuflug hefur nokkurn veginn náð fyrra umfangi. Hafa ber í huga að árið 2019 hafði WOW Air þegar lækkað flugið umtalsvert og varð félagið gjaldþrota undir lok fyrsta ársfjórðungs. Þótt hlutdeild erlendra flugfélaga séu ekki mikil í fjölda flugferða er hlutdeild þeirra í flutningi erlendra ferðamanna meiri, enda flytja þau að jafnaði færri Íslendinga og nýta Ísland síður sem tengipunkt yfir hafið.


Alþjóðlegar flugtengingar Íslands
- vísitala (2014 = 100)



Fjöldi flugferða
Til Ameríku



Fjöldi flugferða
Til Evrópu




Um helmingur ferðamanna fljúga með íslensku flugfélögunum

Samkvæmt opinberum talningum á komum ferðamanna eru íslensku flugfélögin umsvifamikil í að flytja ferðamenn til landsins.

Líkt og áður hefur komið fram vitum við í raun og veru ekki hversu margir ferðamenn koma til landsins þar sem skiptingin eftir þjóðernum byggir á mati Ferðamálastofu, sem byggir á úrtakskönnun. Því er eingöngu um mat á hlutdeild að ræða.

Til að flækja málið enn frekar bjóða bæði íslensku flugfélögin upp á þjónustu sem gerir tengifarþegum kleift að stoppa á Íslandi í nokkrar nætur (allt að 7-10 daga eftir flugfélagi). Því er hluti af tengifarþegum þeirra ferðamenn, þó þeir séu ekki flokkaðir sem slíkir í flutningatölum flugfélaganna.

Áætluð hlutdeild íslensku flugfélaganna í komum ferðamanna til landsins




Óvissuferð

Í sviðsmyndagerð snýst allt um forsendur, hvernig aðrir leikendur bregðast við breyttum aðstæðum. Í þessu tilfelli, hvað gera önnur flugfélög ef flugframboð dregst skyndilega saman? Munu þau aðlagða leiðarkerfi sitt og fylla í skarðið, og þá af hversu miklu leyti?

Í þessari sviðsmynd er gert ráð fyrir að flugfélög hagi seglum eftir vindi og auki lítillega við framboð sitt, en fylli ekki upp í tómarúmið sem skapast, enda búa mörg flugfélög við kröpp kjör. Heildarflugframboð til landsins dregst því saman, sem og fjöldi ferðamanna.

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll
- árstölur, í milljónum




Aukin verndarstefna blæs á móti ferðapjónustu

Aukin áhersla á verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum ógnar heimshagvexti, og getur lagt stein í götu íslenskrar ferðapjónustu.


Hagfræðingar eru almennt sammála um neikvæð áhrif tolla á hagvöxt en hversu mikil áhrifin verða fer eftir umfangi tollanna, hvort þeir séu tímabundnir eða varanlegir, hvort aðrar þjóðir svari í sömu mynt og hvort fleiri þjóðir dragist inn í deiluna.

Ef það dregur úr heimshagvexti má segja í einföldu máli að það dragi úr tekjum heimila, þó að hversu mikið eða lítið veltur á stöðu þeirra í tollastríðinu. Hversu mikil áhrifin verða á ferðavilja farþega ræðst af tekjuteygni þeirra, þ.e.a.s. hversu næm eftirspurn ferðamanna eftir ferðlögum er fyrir breytingum í tekjum þeirra.

Áhrif tollastríðs á heimshagvöxt
- frávik frá grunnspá*




Farþegafjöldi á heimsvísu og hagvöxtur
- ársbreyting í seldum sætiskílómetrum (RPK)



Heimildir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IATA, Arion greining.* Í þessari sviðsmynd var gert ráð fyrir að Bandaríkin leggi á 10% toll á öll viðskiptalönd sín og að Evrusvæðið og Kína leggi á 10% toll á hvort annað um mitt ár 2025. Skatttekjurnar af tollum renna aftur til heimilanna.



Ferðamenn frá Bandaríkjunum og Kanada
- þús. og hlutdeild af heild



En áhrifin á Ísland vonandi lítil

Við teljum að verri alþjóðlegar horfur vegna tollastríðs muni valda ókyrrð, en að farþegaflutningar á heimsvísu muni ekki brotlenda.

Miðað við tollaáform eins og þau eru núna (en þau breytast hratt) munu efnahagsleg áhrif verða mest í Bandaríkjunum og Kanada. Þessi tvö lönd hafa staðið undir um þriðjung af ferðamönnum til Íslands.

Erlendar rannsóknir sýna að tekjuteygni þeirra á ferðum til Evrópu er minni en til annarra áfangastaða. Þar sem Ísland er í mörgum tilfellum “bucket-list” áfangastaður teljum við að áhrifin gætu orðið mildari hér á landi, en hins vegar má vera að áhrifin komi fram í minni tekjum greinarinnar í gegnum styttri dvalartíma og minni neyslu.



Stjórnvöld geta haft áhrif á komur ferðamanna og upplifun þeirra


Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá áramótum er fjallað um álagsstýringu, auðlindagjald og komugjöld. Jafnframt hefur verið innleitt innviðagjald á skemmtiferðaskip, auk þess sem hertar reglur og eftirlit með heimagistingu hafa verið kynnt til sögunnar.




Neikvæð ytri áhrif á aðra ferðamenn

Fjölgun ferðamanna er tvíeggja sverð; eftir því sem fjöldinn eykst, getur upplifun eins ferðamanns haft neikvæð áhrif á upplifun annars. Ferðamenn, sem heillast af auglýsingum um ósnortna náttúru Íslands, geta orðið fyrir vonbrigðum þegar þeir mæta fjölda ferðamanna á vinsælum áfangastöðum. Ef Ísland verður of þéttsetið gæti það haft áhrif á aðdráttarafl þess.

Hvernig bregst þú við ef áfangastaðurinn þinn er yfirfullur?




Hvernig bregst þú við ef valinn áfangastaður er yfirfullur?




Hvers vegna að aðgangsstýra?

Ferðaþjónustan nýtir í ríkum mæli sameiginleg gæði þjóðarinnar, s.s. náttúru landsins, flugstöðvar, hafnir, vegi og heilbrigðiskerfi. Þar sem þessi gæði eru takmörkuð, getur umfangsmikil notkun þeirra leitt til neikvæðra ytri áhrifa, til dæmis skemmda á náttúru vegna mikils ágangs. Til að draga úr slíkum áhrifum er hægt að beita aðgangsstýringu.



Jafnvægi þar sem ekki er tekið tillit til ytri áhrifa er m^0 fjöldi heimsókna. Við það magn er kostnaður með ytri áhrifum meiri en heildartekjur og þjóðhagslegt tap myndast.



Með álagsstýringu er fjöldi heimsókna, m^* , valið þannig að hreinn þjóðhagslegur ábati sé sem mestur.




Aðgangsgjald sem álagsstýring

Aðgangsgjald getur annars vegar verið notað til almennrar tekjuöflunar og hins vegar sem tæki til aðgangsstýringar.

Hátt almennt aðgangsgjald getur dregið úr aðsókn. Ekki hefur tíðkast að taka slíkt gjald á landi í almannaeign en einkaaðilar hafa í meira mæli tekið það upp. Þar sem eftirlit með aðgangi getur verið erfitt er einnig hægt að rukka þjónustugjöld, t.d. bílastæðagjöld.

Dæmi um aðgangsgjald á Íslandi:



Bókunarkerfi sem álagsstýring

Þar sem þjónusta er nú þegar til staðar og eftirspurn er umfram framboð, má nota bókunarkerfi til að stýra aðgangi, hvort sem heimsóknin er gjaldskyld eða ekki. Víða erlendis er þekkt að bóka þurfi heimsóknir á vinsæla ferðamannastaði með fyrirvara. Þetta fyrirkomulag tryggir að fjöldi gesta sé innan þeirra marka sem svæðið ræður við.

Hærra gjald á álagstímum og lægra eða jafnvel gjaldfrjálst utan annatíma er áhrifarík leið til að dreifa aðsókn, að því gefnu að neytendur séu upplýstir um valkostina. Upplýstir neytendur geta þá aðlagð ferðaáætlanir sínar, valið hentugri tíma eða áfangastaði, og þannig stuðlað að betri dreifingu ferðamanna.

Rekstraraðilar Bláa Lónsins tóku til að mynda upp bókunarkerfi eftir að vinsældir lónsins jukust verulega. Nú þarf að bóka aðgang með fyrirvara og hægt að spara sér nokkrar krónur með því að heimsækja lónið utan háannatíma.

←

Guests

Date

Admission

Time

Extras

Checkout

2x guests

2 Apr

Comfort

Comfort admission

When would you like to visit the Blue Lagoon? Prices vary depending on time of day.

<

WEDNESDAY 2 APR

>

Time	Per person ISK ▾	Choose time
08:00	ISK 11 490	Select
09:00	ISK 12 990	Select
10:00	ISK 12 990	Select
11:00	ISK 12 990	Select
12:00	ISK 12 990	✓ Selected



Afbókanir skemmtiferðaskipa vegna nýs innviðagjalds

Frá áramótum hefur nýtt innviðagjald verið lagt á farþega sem koma til hafnar á Íslandi með skemmtiferðaskipi. Gjaldið er 2.500 kr. á hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem skipið dvelur á tollsvæði ríkisins. Gjaldið hefur leitt til fjölda afbókana skemmtiferðaskipa, en ferðirnar eru gjarnan bókaðar með 12-18 mánaða fyrirvara og skipafélögin geta ekki sent bakreikning á farþegana. Kostnaðurinn fellur því alfarið á skipafélögin, og dæmi eru um að stór skemmtiferðaskip þurfi að greiða allt að 440 milljónir kr. í innviðagjald.

Innviðagjald á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum

Einnig var samþykkt að leggja innviðagjald á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum sem greitt verður fyrir hvern farþega um borð í skemmtiferðaskipi á meðan skipið dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins. Innviðagjaldið verður 2.500 kr. fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring. Breytingartillagan tekur mið af ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 sem kom fram í þingsályktun menningar- og viðskiptaráðherra og var samþykkt á Alþingi í júní. Þar kemur fram að innleiða skuli löggjöf um sérstaka gjaldtöku, innviðagjald, sem lagt verði á komur erlendra skemmtiferðaskipa. Með gjaldtökunni er ætlunin að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fyrirtækja í ferðapjónustu.

Tugir skemmtiferðaskipa hætta við komu til landsins

Tugir skemmtiferðaskipa hafa afboðað komu til hafna við Ísland, eftir að innviðagjald lagðist á farþega skipa um áramót. Formaður Cruise Iceland vonar að ný ríkisstjórn taki málið upp að nýju.

Ólöf Rún Erlendsdóttir
13. janúar 2025 kl. 13:55, uppfært kl. 14:17



Ætla að sækja einn og hálfan milljarð frá skemmtiferðaskipum

Kjartan Kjartansson skrifar · 24. október 2024 10:45



Innlent | mbl | 14.1.2025 | 21:00 | Uppfært 15.1.2025 12:47

Skemmtiferðaskip afbóka ferðir vegna innviðagjalds



Veruleg fækkun skemmtiskipa á Vestfjörðum í sumar

Magnús Hlynur Hreiðarsson skrifar · 16. mars 2025 14:05



Hertar reglur og aukið eftirlit með skammtímaútleigu

Ríkisstjórnin hefur lagt fram drög að frumvarpi um hertar reglur og eftirlit með skammtímaútleigu. Þó áhrifin af hertum reglum verði líklega takmörkuð, gæti aukið eftirlit haft umtalsverð áhrif. Af þeim 9.100 íbúðum og herbergjum sem eru skráð á Airbnb, eru aðeins um 4.000 íbúðir skráðar hjá Sýslumanni - sem er forsenda þess að geta leigt út íbúð í 90 daga á ári eða lengur. Ríflega helmingur íbúða var því væntanlega í leigu án tilskilinna leyfa.

Fjöldi skráðra íbúða og herbergja á Airbnb eru 9.100, á meðan hótélherbergi á landinu öllu eru rúmlega 12.000. Hins vegar eru skammtímaleigueiningar leigðar út mun færri nætur á ári. Samkvæmt gögnum frá Airdna gætu gistinætur í heimahúsum verið um 15% af gistinóttum á hótelum, en miðað við könnun á meðal ferðamanna gæti hlutfallið verið um 35%. Á háanna tíma gæti orðið erfitt fyrir ferðamenn að verða sér út um gistingu ef hert eftirlit leiðir til verulegs samdráttar á fraloði skammtímagistingar.



Smáa lettrið: Þrjár fyrirhugaðar breytingar á lögum:

- 1. Takmörkun á heimagistingu**
Samkvæmt núgildandi lögum er einstaklingi heimilt að leigja út tvær skráningarskildar eignir undir heimagistingu (þ.e. eignir sem einstaklingar leigja út í hámarki 90 daga og hafa af því í mesta lagi 2 m.kr. í leigutekjur), þar sem að önnur þeirra telst til lögheimilis einstaklingsins. Eftir breytinguna mega einstaklingar áfram leigja út tvær eignir í heimagistingu, en að hámarki eina sem er innan þéttbýlis.
- 2. Rekstrarleyfi ekki lengur tímabundin**
Árið 2016 voru rekstrarleyfi til gististarfsemi (Airbnb íbúðir sem eru leigðar út í meira en 90 daga falla þar undir) gerð ótímabundin til þess að létta á regluverki. Nú á aftur að gera þau tímabundin til fimm ára og mun það einnig gilda fyrir núgildandi leyfi, sem munu þá renna út árið 2031. Er það meðal annars gert til þess að hægt sé að efla eftirlit með að viðkomandi húsnæði uppfylli allar kröfur, m.a. um brunavarnir.
- 3. Aukið eftirlit með heimagistingu**
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, sem fer með eftirlit um skráningaskylda heimagistingu, fær með nýjum lögum heimild til þess að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá ríkisskattstjóra er varða einstaka mál. Með breytingartillögunni er ekki verið að opna á almenna gagnamiðlun milli sýslumanns og ríkisskattstjóra, heldur munu upplýsingabæðir sýslumanns afmarkast við einstaka mál þar sem sýslumaður hefur uppi rökstuddan grun um saknæma háttsemi.

Fyrirvari

- Efnahagsgreiningar eru útbúnar af Arion banka hf. (hér eftir „bankinn“) eingöngu til almennra upplýsinga. Efnahagsgreining felur hvorki í sér fjárfestingargreiningu né fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og tengdra reglugerða og tekur ekki tillit til flokkunar, persónulegra fjárfestingamarkmiða eða aðstæðna móttakanda hennar, þ.á.m. hvort tiltekin ráðstöfun hæfi honum og er ekki ætlað að mæla með eða leggja til nokkurs konar fjárfestingaráætlun eða ákvarðanatöku af hálfu móttakanda. Efnahagsgreining og efni hennar er sett fram óháð hugsanlegum samningum móttakanda og bankans.
- Ekkert í efnahagsgreiningu skal túlkað á þann veg að bankinn hafi tekið að sér að veita móttakendum hennar fjárfestingarráðgjöf, persónulega ráðleggingu eða annars konar ráðgjöf en til slíkrar ráðgjafar verður aðeins efnt á grundvelli skriflegs samnings milli aðila. Aukinheldur skal móttakandi eða þriðji aðili ekki veita fjárfestingarráðgjöf sem byggir á efnahagsgreiningu bankans.
- Þær skoðanir sem fram koma í efnahagsgreiningu endurspeгла aðeins núverandi skoðanir höfunda hennar og geta tekið breytingum án fyrirvara. Upplýsingar sem fram koma í efnahagsgreiningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að veita móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í efnahagsgreiningu eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar sem fram koma í efnahagsgreiningu eru byggðar á fyrirliggjandi opinberum upplýsingum, sem hafa ekki verið staðreyndar af bankanum, og áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða og hafa verið teknar saman í góðri trú frá heimildum sem taldar eru áreiðanlegar. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara. Bankinn og starfsmenn hans taka ekki ábyrgð á gæðum, nákvæmni eða áreiðanleika efnahagsgreininga eða þeirra upplýsinga sem í henni eru veittar.
- Bankinn, þar með talið hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar á vegum bankans, tekur enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í efnahagsgreiningu eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Mun bankinn ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og skal bankinn ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Þær upplýsingar sem fram koma í efnahagsgreiningu eru birtar á þeirri forsendu að þær teljist vera ásættanlegur minniháttar ófjárhagslegur ávinningur í skilningi íslenskra laga og reglna. Það er á ábyrgð móttakanda efnahagsgreiningu að kynna sér þær reglur sem gilda um móttöku hans á efnahagsgreiningu og ganga úr skugga um að honum sé heimilt að taka á móti henni.
- Þriðju aðilar, þ.e. aðrir en bankinn og upphaflegir viðtakendur sem fá efnahagsgreiningu í hendur frá bankanum, sem kunna, af hvaða orsökum sem er að fá efnahagsgreiningu bankans í hendur, skulu ekki geta lagt neinn trúnað á efni hennar og skulu engan rétt geta byggt á hendur bankanum á grundvelli hennar.
- Ábyrgðarfyrirvari þessi er gerður á íslensku og þýddur yfir á ensku. Sé einhvers misræmis að gæta á fyrirvörunum, skal íslenski textinn gilda.
- Með móttöku efnahagsgreiningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.



